Reikniskífa

Hvenær fæðast börn, lömb eða hvolpar? Hvenær byrjar góa eða ýlir?

Karólína Elísabetardóttir
eftir hugmynd Bjarneyjar Jónsdóttur, Tjörn

Íslenskum lömbum finnst gaman að leika sér í snjónum ef þau hafa hlýtt fjárhús stutt frá!

2510 Reikniskífa - lokaútgáfa prentun.indd 3 30.10.2025 08:20:47

Fróðleiksmolar…

Miðað við langflest (eða öll) önnur lönd í „vestrænum“ heimi er Ísland einstakt: Verkaskipti voru lítil – nærri allir Íslendingar voru (nauðsynlega fjölhæfir) bændur eða vinnufólk hjá bændum. Ekki þurfti að verjast óvinum – „borgir“ í upphaflegri merkingu og þéttbýli (með öllum samfélagslegum vandamálum tengdum þeim) þekktust ekki fyrr en mjög seint, strjálbýlið var einkenni íslenska samfélagsins í 1000 ár.

Hrossum, sauðfé, kúm og geitfé var aldrei flokkað niður í einsleit kyn (á borð við: „allir svartir hyrndir gripir í einu kyni, allir hvítir kollóttir í hinu, flekkótt er bannað og ferhyrnt fé líka“). Allur fjölbreytileiki varðveittist og erfðaefni núverandi hesta, kinda, kúa og geita byggir enn á sama grunni og á landnámstíð – sem vekur mikla aðdáun annarra þjóða. Samspil búfjár og manns, oft vinátta á milli einstaklinga, var grunnurinn að því að Ísland hélst í byggð, þrátt fyrir að vera harðbýl eyja við ysta haf. Sérstaklega er það sauðkindinni og hestinum að þakka að þú og ég erum yfirhöfuð hér í dag. Þessi vinátta er enn grunnurinn að hefðbundnum íslenskum búskap með landnámskynin fjögur. Það er í okkar höndum að varðveita þessa dýrmæta arfleið – með því hvað við veljum í mat og klæði!

Íslenska misseristalið er einnig einstakt – á meðan aðrar Evrópuþjóðir tóku upp rómverska eða kirkjulega tímatalið, notuðu Íslendingar fornt tímatal sem þeir þróuðu sjálfir og bættu jafnt og þétt, þannig að það varð fullkomið kerfi. Þetta kerfi hefur verið í notkun langt fram á 20. öld og stingur upp kollinum enn í dag við ýmis tækifæri. En þessi þekking er á undanhaldi og sérfræðingarnir mjög fáir. (*Gunnlaugur Björnsson,* Háskóla Íslands, er einn þeirra; hann las yfir skífuna og útskýringar. Aftur sérstakar þakkir til hans!)

Þess vegna lá beint við að **sameina þetta tvennt á einum stað** – á einni reikniskífu: **meðgöngutíma** landnámskynjanna ásamt hundum, köttum og mannfólki (þ.e. þeim tegundum sem skipta máli hjá 99% bænda) og upphafsdaga **gömlu mánaðanna**. Markmiðið er að auka þessa þekkingu – hjá bændum, en einnig og ekki síst hjá þéttbýlisfólki sem er jú líka af bændaættum ... **Góða skemmtun!**

… um meðgöngutímann

Kæpir selur, kastar mer,
konan fæðir, ærin ber,
fuglinn verpur, flugan skítur,
fiskur hrygnir, tíkin gýtur.

Guðmundur Þorláksson (1852-1910)

Kötturinn níu, tíkin tíu, tuttugu ærin,
fjörutíu konan, kýrin,
kapallinn dregur lengstan vírinn.

Höfundur ókunnur

Þótt um sömu tegund sé að ræða, getur meðgöngutíminn verið mislangur eftir kynjum. Íslenskt sauðfé er til dæmis með styttri meðgöngutíma en mörg önnur sauðfjárkyn (samt eru íslensku ærnar afurðarmestar á heimsvísu, miðað við kg kjöt á á!). Svo er hann yfirleitt styttri hjá kollóttu fé en hjá hyrndu og enn lengri hjá forystufé. Tíminn er einnig styttri hjá einstaklingum sem bera/kasta/fæða/gjóta í fyrsta sinn.

Um meðgöngutíma **landnámskynjanna** fjögurra eru vísindalegar rannsóknir aðgengilegar á netinu þar sem bæði meðaltalið og lágmarks-/hámarkslengd (miðað við fullþroskað afkvæmi) koma fram. Eins með **mannfólk** – hins vegar gat ég ekki fundið út hvort lengdin sé eins hjá öllum þjóðum heimsins. Algengt er að mæla meðgöngutímann kvenna frá fyrsta degi síðustu blæðinga (280 dagar að meðaltali); til samanburðar kemur raunverulegur meðgöngutími líka fram á reikniskífunni (að meðaltali 268 dagar).

Það reyndist erfitt að fá nákvæmar tölur um **hunda og ketti**, sérstaklega meðaltal. Ég talaði við íslenska dýralækna og Border-Collie-ræktendur og miðaði við þeirra reynslu – sem bar furðu vel saman og var einnig í samræmi við þau gögn sem ég fann um önnur kyn. Vísan fyrir ofan er hins vegar ekki í samræmi við þessar tölur – kettir virðast ganga aðeins lengur með en tíkur og tíkur virðast sjaldan ganga með í 70 daga (10 vikur).

Meðgöngutíma **hryssna** er erfiðast að spá. Hryssur geta dregið köstun á langann ef aðstæður eru óhagstæðar, sérstaklega veðrið.

Þótt það komi meðgöngutímanum ekki við, er þetta gott tækifæri til að benda á að „(sauð)kind“ er yfirheiti, en ekki einungis kvenkyns gripur – ólíkt orðinu „ær“ sem er alltaf kvenkyns. En orðin „ær“ og „kýr“ beygjast þannig:

ær/ærin	***ær/ærnar***	***kýr/kýrin***	***kýr/kýrnar***
um á/um ána	*um ær/um ærnar*	*um kú/um kúna*	*um kýr/um kýrnar*
frá á/frá ánni	*frá ám/frá ánum*	*frá kú/frá kúnni*	*frá kúm/frá kúnum*
til ær – *til ærinnar*	*til áa –* *til ánna*	*til kýr –* *til kýrinnar*	*til kúa –* *til kúnna*

… um íslenska tímatalið

Langi Þorri leiðist mér
lata Góa á eftir fer.
Einmánuður yngstur er,
hann mun verða þyngstur þér.

úr Rangárvallasýslu, eignuð álfkonu

Þorri, góa og einmánuður eru þrír síðustu mánuðir vetrar og kallaðir **útmánuðir.** Í lok vetrar og á vorin fram á sauðburð var matar- og heyforði oft orðinn tæpur sem útskýrir síðustu línu vísunnar.

Það helsta um íslenska misseristalið

Helstu upplýsingar finnast á baksíðu skífunnar, en það er gott að þekkja „kerfi“ tímatalsins. Það byggir á þessum „einingum“:

- 2 *misseri:* sumar og vetur (aldur var/er talinn í vetrum)
- 2x 6 *mánuðir* þrítugnættir (sjá ýtri rönd á skífunni)
- 2x 26 *vikur* sjönættar; auk þess:
- 4 *aukanætur* á sumrin til samræmis við vikufjöldann (árlega)
- 1 lagningarvika eða *sumarauki* (sjönátta, á 5 til 6 ára fresti)
- 1 aukadagur í tengslum við *rímspillisár* (á 28 ára fresti)

Auk þess er gott að vita:

- allar *sumarvikur* byrja á *fimmtudegi*
- allar *vetrarvikur* byrja á *laugardegi*
- því þarf 2 *veturnætur* á milli haust- og gormánaðar, en það jafnar sig út á milli einmánaðar og hörpu: 26. vika vetrar nemur einungis 5 dögum (sem kallast *sumarmál*) í staðinn fyrir 7
- fyrsti sumarmánuður er harpa, fyrsti vetrarmánuður er gormánuður
- *mánuðirnir byrja hver á sínum vikudegi* og færast þess vegna til innan „nútíma-tímatalsins“; þar sem mánuður nemur 30 dögum, en 4 vikur einungis 28 dögum, byrjar næsti mánuður alltaf 2 vikudögum seinna en sá fyrri (undantekning: heyannir/sólmánuður) – sjá ystu röndina á skífunni

Fyrir grúskara – meira um gamla íslenska misseristalið

Upplýsingar um gamla íslenska tímatalið eru á víð og dreif. Margir kannast við einhver mánaðarheiti, sumir þekkja þau öll. Sumardagurinn fyrsti – upphafsdagur hörpu – er jafnvel frídagur! Samt birta bara fá dagatöl upphafsdaga allra mánaða, t.d. Almanak Háskóla Íslands, KS-dagatal og Hvammshlíðardagatal. Á netinu finnast ýmsar greinar um gömlu mánuðina o.fl., en þessar upplýsingar eru mistraustar. Ég tel þessar áreiðanlegastar:

Árni Björnsson, 1993: Saga daganna, bls. 15–19 o.fl.

Þorsteinn Sæmundsson: almanak.hi.is -> fingrarím -> II. kafli (og allt annað eftir Þorstein)